

Gleðilegt nýtt ár

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 9. árg. 8. janúar 2015

Myndir augnabliksins eru frá myndlistasýningu barna í Huldurheimum sem var í verzluninni A4 í desember.



## Innritun barna í leikskóla fyrir skólaárið 2015 - 2016.

Aðalinnritun barna í leikskóla fyrir skólaárið árið 2015 - 2016 hefst í byrjun marsmánaðar. Þá er foreldrum sent tölvubréf með upplýsingum um þann leikskóla sem barn þeirra hefur verið innritað í. Mikilvægt er að allar umsóknir ásamt beiðnum um flutning milli leikskóla hafi borist skóladeild fyrir 15. febrúar n.k. Sótt er um leikskóla og flutning á rafrænu formi hér:

<https://ak.esja.com/umsokn.php>

<https://ak.esja.com/flutningur.php>

Mikilvægt er að foreldrar kynni sér leikskólana, strauma þeirra og stefnur í kennslu barna áður en umsókn er lögð fram. Hægt er að nálgast upplýsingar um alla leikskóla á Akureyri á slóðinni:

<http://www.akureyri.is/skoladeild/moya/page/skolaval-leikskola>

nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu hvers leikskóla fyrir sig:

<http://www.akureyri.is/skoladeild/leikskolar/upplýsingar-um-leikskola-a-akureyri>

Ítrekað er mikilvægi þess að allar umsóknir ásamt beiðnum um flutning milli leikskóla hafi borist á rafrænu formi fyrir **15. febrúar n.k.** Ef umsóknir berast eftir þann tíma er ekki hægt að tryggja að flutningur milli leikskóla geti átt sér stað fyrir næstkomandi skólaár ásamt því að margir leikskólar fyllast strax á fyrstu innritunardögum.

## Foreldravika í Tónlistarskólanum.

Vikan 12. - 16. janúar er foreldravika í Tónlistarskólanum. Kennslan er óbreytt en foreldrar eru boðaðir í tíma með nemendum. Þetta er gert til að stuðla að betri samskiptum og samvinnu við heimili nemenda og veita foreldrum/forráðamönnum meiri innsýn í tónlistarnám barna sinna. Það hefur sýnt sig að árangur verður meiri þar sem nemendur fá stuðning heima fyrir. Það er sérstaklega mikilvægt núna að foreldrar mæti með börnunum sínum þar sem skólinn er að taka í gagnið nýtt námsmat sem byggir meira á símati og sjálfsmati nemenda en verið hefur. Í foreldraviku þarf að fara yfir markmiðasamninginn frá í september, miðannarmatið og ekki síst leiðsagnarmatið sem fylla átti út í desember. Ef það hefur ekki verið fyllt út nú þegar, af einhverjum ástæðum þá gefst tækifæri til þess í foreldraviku. Einnig eru foreldrar velkomnir á hljómsveitaræfingar og í aðra hóptíma. Hafð samband við viðkomandi kennara um upplýsingar um stað og stund þessara hóptíma. Athugið að það á að fylla út leiðsagnarmat fyrir alla nemendur í hljóðfæra/söngnámi, sama á hvaða aldri þeir eru. Forskólanemendum gefst einnig kostur á að taka þátt í þessu mati.

## Nytjahlutir í Hlíðarskóla.

Hér má sjá mynd af Jóni Magnússyni kennara með þessa fínu slaufu sem einn nemandi skólans perlaði handa kennara sínum. Flott handverk þarna á ferð.



## Kennarar í starfsþróunarverkefnum.

Hjá Miðstöð skólaþróunar taka rúmlega 1000 kennarar þátt í starfsþróunarverkefnum á vegum miðstöðvarinnar í vetur. Verkefni eru af margvíslegum toga og öll til lengri tíma. Að þessu sinni er m.a. boðið upp á 10 ólík námskeið í læsi og taka flestir kennarar þátt í námskeiðum vegna þróunarverkefnanna [Byrjendalæsi](#) og [Læsi til náms](#). Skemmtilegt væri að fá fréttir frá kennurum um þessi verkefni og hvernig þau eru unnin. Hægt er að finna upplýsingar um verkefni miðstöðvarinnar á heimasíðunni: <http://www.msha.is/is/forsida>



Skóla-akur er vefimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.